

— **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður og austurumdæminu um styrk til búfræðisnáms.** — Í sambandi við brjef mitt frá 15. júní þ. á. vil jeg hjer 6. sept. með samþykkingu að Guttormur Vigfússon, búfræðiskennari á Möðruvöllum, fái af því, sem ætlað er til eflingar búnaði í norður- og austurumdæminu, 500 kr. styrk til næstkomandi vetur að nema búfræði við búnaðarháskólann í Kaupmannahöfn, og fylgir hjer með ávísun á þessar 500 kr.

— **Brjef landshöfðingja til biskups um eptirlaun uppgjafaprests.** — Í þóknanlegu 98
brjefi frá í gær meðtók jeg álit yðar, herra biskup, um umkvörtun sira Ólafs Ólafssonar 8. sept. yfir því að hinn núverandi prestur að Fagranesi og Reynistað, sira Tómas Þorsteinsson hafi skorast undan því, að greiða eptirlaun þau, sem sira Ólafi bera af Fagranessbrauði, nema því að eins, að eptirlaun þessi megi borgast af því 300 kr. eptirgjaldi eptir hið sameinaða Reynistaðar- og Fagranessbrauð, sem presturinn borgar í landssjóð, og vil jeg nú tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigðum það, er hjer segir.

Jeg er yður samdóma um, að hvorki lög 27. febr. 1880 um skipun prestakalla nje lög frá sama degi um eptirlaun presta innihaldi lagaheimild til þess, að greiða eptirlaun sira Ólafs úr landssjóði. Hins vegar er ljóst, að hin nefndu lög og sameining sú, er samkvæmt þeim hefir átt sjer stað á Fagraness- og Reynistaðarprestaköllum, hefir ekki svipt sira Ólaf Ólafsson eptirlaunum þeim, er hann átti tilkall til af Fagranessbrauðinu, og vona jeg því, að þjer sjáið um, að þau verði honum skilvíslega borguð. Sira Tómasi Þorsteinssyni var innanhandar áður en hann sótti um hin sameinuðu prestaköll, að útvega sjer nákvæmar skýringar um byrðir þær, er hvíldu á þeim, og það er eins og þjer, herra biskup, takið fram, því síður ástæða til að ætla, að honum hafi verið ókunnugt um eptirlaunin handa sira Ólafi, sem hann, þá er hann sendi bónarbrjef sitt, var prestur í hinu sama prófastsdæmi og hin sameinuðu prestaköll eru í.

— **Brjef landshöfðingja til póstmeistara um póstflutning með skotsku gufuskipi.** 99
— Yfirstjórn póst- og telegrafmálanna í Kaupmannahöfn hefir skýrt mjer frá, að hún 8. sept. hafi gjört ráðstöfun til, að póstsendingar verði eptirleiðis fluttar í lokuðum póstsekki milli Íslands og Kaupmannahafnar með gufuskipinu Camoens, að því er snertir leiðina frá Íslandi til Leith, en með hinum venjulegu póstum, að því er snertir hinn hluta af leiðinni til Kaupmannahafnar, og að slíkur póstsekkur verði sendur með þeim ferðum, sem Camoens á að hefja frá Leith til Akureyrar 14. þ. m. og til Seyðisfjarðar 29. s. m.
Þetta er yður tjáð, herra póstmeistari, til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstafanar.

— **Brjef landshöfðingja til stíptsyfirvaldanna um aukagjald til prests.** — Í þókn- 100
anlegu brjefi frá 2. þ. m. hafa stíptsyfirvöldin tjáð mjer álit sitt um fyrirspurn nokk- 13. sept. urra sóknarmanna í Ásmundarstaðasókn, um hvort presturinn að Presthólum eigi nú heimting á 30 kr. aukagjaldi því, sem með brjefi kirkju- og kennslustjórnarinnar frá 30. ágúst 1853 var lagt prestinum að Presthólum, fyrir að halda uppi guðspjónustugjörð í Ásmundarstaðakirkju. Takið þjer fram, að eins og tjeð stjórnarbrjef ekki virðist að hafa

Hinn 6. október 1881.